



Alþingi
Erindi nr. P 137/80
komudagur 4.6.2009

3. júní 2009
SI-52052

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 26. maí 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), 14. mál.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir m.a. að það sé endurflutt miðað við stöðu þess eftir aðra umræðu á 136. löggjafarþingi, sbr. breytingartillögur á þskj. 844. Í núverandi frumvarpi eru fólgnar eftirtaldir breytingar á frumvarpi því sem upphaflega var lagt fram, sbr. nefndarálit 1. minni hluta viðskiptanefndar:

1. Sundurliðun upplýsinga um hlutföll kynja meðal starfsmanna ná aðeins til einkahlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. Með þessari breytingu er verið að undanskilja minnstu félögin en þessi fjöldi samræmist ákvæðum jafnréttislaga um að félög af þessari stærð skuli gera jafnréttisáætlanir eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.
2. Í stað þess að veita skuli upplýsingar um hlutföll kynja „meðal starfsmanna eftir stöðu í skipulagi“ verði nú kveðið á um að veittar skuli upplýsingar um hlutföll kynja meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Úr þessum upplýsingum megi þá ráða hversu margir karlar og/eða hversu margar konur gegna stjórnunarstöðum í félagi miðað við heildarstarfsmannafjölda þess.
3. Þær upplýsingar sem veita skal samkvæmt ákvæðum frumvarpsins ber að veita samhliða því að tilkynnt er um stjórnir til hlutafélagaskrár. Upplýsingagjöf af þessu tagi þjóni því hlutverki að gera sýnilegan hlut kvenna og karla í starfsemi félaga til þess að leiðrétta megi halla sem slík upplýsingagjöf kann að leiða í ljós. Þannig verði náð því markmiði frumvarpsins að stuðla að jafnari hlut kvenna og karla í áhrifastöðum í hlutafélögum og einkahlutafélögum með auknu gagnsæi og greiðari aðgangi að upplýsingum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK


SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

4. Að lokum er sú breyting gerð að við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða um að heimilt verði að fresta framkvæmd ákvæða um starfandi stjórnarformann til næsta aðalfundar eftir aðalfund árið 2009. Er þannig veittur tími til aðlögunar til að ráðrúm gefist til að koma málum þannig fyrir að samræmist ákvæðum laganna, verði frumvarpið að lögum.

Seðlabanki Íslands telur að frumvarpið sé mjög til bóta og leggur til að það verði samþykkt. Má t.d. nefna í því sambandi að nú hvílir sú skylda á stjórn hlutafélags að gæta þess að hlutaskráin geymi ávallt réttar upplýsingar, og að þar skuli geta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í. Ennfremur má nefna að frumvarpið miðar að því að minnka líkur á hagsmunaárekstrum með því að kveða á um að formaður félagsstjórnar skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri